


# Ársskýrsla ELS 2015



EINKA  
LEYFA  
STOFAN  
ICELANDIC  
PATENT  
OFFICE



# Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstjóra</b>	<b>4</b>	<b>Erlent samstarf</b>	<b>18</b>
		EPO – Evrópska einkaleyfastofan	20
<b>Gæðamál</b>	<b>6</b>	EFTA	21
<b>Starfsemi sviða</b>	<b>7</b>	Evrópusambandið – OHIM	22
Rekstrarsvið	7	Norrænt samstarf	22
Einkaleyfa- og hönnunarsvið	7	Nordic Patent Institute	22
Vörumerkjasvið	11	WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin	23
Faggildingarsvið	14	PPH	24
<b>Fræðslu- og kynningarmál</b>	<b>16</b>	<b>Starfsmannamál</b>	<b>24</b>
<b>Laga- og reglugerðabreytingar</b>	<b>17</b>	Skipulagsbreytingar	24
<b>Innlent samstarf</b>	<b>17</b>	<b>Tölfræði</b>	<b>26</b>
Hugverkastefna	17	<b>Árangursmat</b>	<b>29</b>
Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum	17	Ársáætlun	29
Upplýsingasetur um einkaleyfi	18	Ársreikningur	30
Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda	18		
FUVE og FEIS	18		



Borghildur Erlingsdóttir  
forstjóri ELS

## Ávarp forstjóra

Hugverk eru alls staðar. Hvort sem er í tilraunastofunni, skólastofunni eða á knattspyrnuvelli, er hugverk hvarvetna að finna. Hugverk knýja nútíma hagkerfi og eru undirstaða þekkingarsamfélaga. Verðmætin sem fylgja þeim hugmyndum sem liggja að baki hugverkum eru gríðarleg og verðmætasköpunin sem fylgir skráningu hugverka er til mikilla hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.

Einkaleyfastofan fer með málefni hugverkaréttar á sviði iðnaðar og hefur því mikilvæga hlutverki að gegna að stuðla að verndun hugverka með skráningu þeirra. Einkaleyfastofan veitir jafnframt upplýsingar og miðlar þekkingu um hugverkaréttindi til fyrirtækja, frumkvöðla og almennings á Íslandi og aðstoðar þannig við að gera verðmæti úr hugmyndum og stuðla að frekari nýsköpun, hagvexti og uppbyggingu á Íslandi.

Mikilvægi hugverkaréttar er sýnilegt í þeirri vinnu sem Einkaleyfastofan hefur tekið þátt í varðandi mótun hugverkastefnu fyrir Ísland en þeirri vinnu hefur verið stýrt af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Á nýju ári er von á birtingu stefnuskjals og aðgerðaáætlunar sem mun vonandi styrkja sess hugverkaréttar á Íslandi og auka vitund meðal einstaklinga og fyrirtækja um mikilvægi þessa málaflokks í nýsköpun á Íslandi.

Umsóknir um skráningu einkaleyfa og vörumerkja voru álíka margar og árið á undan. Líkt og fyrri ár voru erlendir aðilar langstærsti viðskiptahópur Einkaleyfastofunnar og var töluverð aukning á alþjóðlegum umsóknum og staðfestum evrópskum einkaleyfum milli ára. Að sama skapi fjölgaði alþjóðlegum hönnunarsóknum lítilliga milli ára, en íslenskum hönnunarsóknum fækkaði. Þessi fækkun er áhyggjuefni og framundan er áskorun fyrir alla sem láta sér hugverkaréttindi á Íslandi varða að kynna mikilvægi hönnunarskráninga á Íslandi.

Málefni faggildingar eru í höndum Einkaleyfastofunnar hér á landi en faggildingarsvið, ISAC, er sjálfstætt starfandi svið á Einkaleyfastofunni og er opinbera faggildingarstofan á Íslandi. Á síðari hluta ársins hófst vinna við greiningar- og stefnumótunarvinnu í samvinnu faggildingarsviðs og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Gert er ráð fyrir því að heildarrýni á umfangi þessa málaflokks verði lokið á nýju ári.

Það var sérstaklega ánægjulegt að Einkaleyfastofan hlaut nafnbótina Fyrirmyndastofnun 2015 í kjölfar niðurstöðu könnunar SFR meðal starfsmanna. Stofnunin var í öðru sæti yfir meðalstórar stofnanir en þetta er þriðja árið í röð sem Einkaleyfastofan er meðal efstu stofnana í könnuninni. Sem þjónustustofnun kappkostar Einkaleyfastofan ætíð að bæta upplifun viðskiptavina. Lykillinn að því að veita góða þjónustu er að tryggja ánægju og skapa liðsheild meðal starfsfólks og við erum ákaflega stolt af því að öðlast þessa viðurkenningu.


Með bættu þjónustu að leiðarljósi var tekinn í gagnið nýr gangagrunnur fyrir vörumerki og umsækjendum gert kleift að sækja um vörumerkjaskráningar rafrænt. Þá var svo nefnt DesignView innleitt á Íslandi sem gerir íslenskar hönnunarsóknir og -skráningar aðgengilegar í leitarvél Vörumerkja- og hönnunarskrifstofu Evrópusambandsins (e. Office for Harmonization in the Internal Market - OHIM). Slík leitarvél fyrir hönnunarskráningar ætti að vera mikil bót fyrir hönnuði og aðra sem vilja kynna sér hönnunarskráningar í þeim löndum sem taka þátt í DesignView. Vinna hélt einnig áfram við hönnun og uppsetningu á nýjum vef Einkaleyfastofunnar. Nýju síðunni er ætlað að

færa framsetningu efnis í nútímalegra horf og auðvelda aðgengi viðskiptavina að upplýsingum um starfsemina og hugverkaréttindi. Á komandi ári mun stofnunin vinna frekar að því að bæta upplýsingagjöf til viðskiptavina og hagsmunaaðila en góð samskipti eru gjarnan lykillinn að farsælu samstarfi og faglegru þjónustu. Eins verður tekið í notkun á nýju ári nýtt og nútímalegra merki til auðkenningar á starfsemi Einkaleyfastofunnar.

Stefnumótunarvinna og skipulagsbreytingar settu mark sitt á árið. Til að tryggja hagkvæmni í afgreiðslu erinda og auka skilvirkni í þjónustu var ákveðið að ráðast í skipulagsbreytingar á nýju ári. Nýtt skipulag mun skipta starfseminni niður í sex svið sem eru betur sniðin að þörfum viðskiptavina okkar og mun stuðla að því að bæta þjónustu stofnunarinnar og ná til fleiri viðskiptavina. Ný svið í breyttu skipulagi eru þjónusta og upplýsingar, rannsókn og skráning, lögfræðileg málefni, fjármál og rekstur, gæða- og skjalastjórnun og faggilding.

Erfitt rekstrarumhverfi markaði starfsemina á árinu og voru nokkur brýn verkefni sett í bið vegna þess. Rekstraráætlun stofnunarinnar fékkst ekki samþykkt fyrr en í lok árs þegar fjáráukalög voru samþykkt á Alþingi. Þrátt fyrir að innheimtar tekjur standi undir rekstrarkostnaði stofnunarinnar er rekstrarformið með þeim hætti að fjárheimild stofnunarinnar er ákveðin af Alþingi líkt og um fjárframlag væri að ræða. Reksturinn á árinu var þó í góðu samræmi við áætlun og tekjur mun hærri en gert var ráð fyrir, fyrst og fremst vegna aukins málafjölda.

Starfsemi Einkaleyfastofunnar gekk vel á árinu og var mörgum stórum áföngum náð. Það er því full ástæða til bjartsýni varðandi starfsemina á 25 ára afmælisári stofnunarinnar árið 2016.

Forstjóri Einkaleyfastofunnar  




## Gæðamál

Einkaleyfastofan hefur starfað samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi, ISO 9001:2008, frá því stofnunin fékk vottun haustið 2013. Einkaleyfastofan fór í gegnum aðra viðhaldsvottun sína á árinu en gæðakerfið miðar að því að stuðla að stöðugum umbótum og viðhalda góðum vinnubrögðum. Árið 2015 einkenndist að miklu leyti af stefnumótunarvinnu og endurskoðun ferla með tilliti til fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á nýju ári. Að auki var mikil áhersla lögð á endurskoðun mælinga og markmiða á þann hátt að virkni gæðakerfisins nýtist stofnuninni og viðskiptavinum hennar sem best.





## Starfsemi sviða

### Rekstrarsvið

Rekstrarsvið er þverfaglegt svið sem snertir flesta þætti starfseminnar. Helstu verkefni sviðsins snúa að fjármálum og rekstri stofnunarinnar, móttöku umsókna og annarra erinda, skjalavörslu, auk tölvu- og tæknimála. Undir sviðið heyra einnig endurmenntunarmál starfsmanna, fræðslu- og kynningarmál, útgáfumál og vefsíða, sem og samstarfsverkefni ýmiskonar.

Meðal þeirra verkefna sem unnið var að á árinu má nefna vinnu við innleiðingu nýrrar vörumerkjaskrár, en nýr gagnagrunnur fyrir vörumerki var tekinn í notkun um mitt ár. Þá var unnið að innleiðingu á DesignView en það verkefni byggir á samstarfssamningi milli Einkaleyfa- stofunnar og OHIM og miðar að því að gera íslenskar hönnunarsóknir og -skráningar aðgengilegar í leitar- vél OHIM. Lokahönd var lögð á skönnun eldri einkaleyfa

í samstarfi við utanaðkomandi aðila, en verkefnið var liður í samstarfsverkefni ELS og European Patent Office (EPO) og tengist vélþýðingþjónustu á einkaleyfum (Patent translate). Síðast en ekki síst var unnið að gerð nýrrar vefsíðu sem tekin verður í notkun á nýju ári.

### Einkaleyfa- og hönnunarsvið

Einkaleyfa- og hönnunarsvið annast meðhöndlun umsókna um einkaleyfi og hönnunarvernd og viðhald slíkra umsókna og veittra réttinda. Þá er Einkaleyfastofan móttökustofnun fyrir alþjóðlegar umsóknir um einkaleyfi og hönnunarvernd. Umtalsverður hluti af starfsemi sviðsins felst í meðferð beiðna um gildistöku evrópskra einkaleyfa hér á landi. Þá sinna starfsmenn sviðsins ýmiss konar upplýsingagjöf og fræðslu til viðskiptavina, skóla og annarra hagsmunaaðila um einkaleyfakerfið og hönnunarvernd, þ.m.t. um helstu umsóknarliðir.

### EINKALEYFI

Umsóknir um landsbundin einkaleyfi voru 46 á árinu 2015 í samanburði við 49 árið 2014. Sú breyting hefur orðið á samsetningu landsbundinna umsókna frá því fyrir um áratug síðan að nú eru þær að langmestu leyti í eigu íslenskra aðila. Þannig var hlutfall landsbundinna umsókna í eigu íslenskra aðila 85% árið 2015.

### FORSTJÓRI

VÖRUMERKJASVIÐ

EINKALEYFA-  
OG HÖNNUNARSVIÐ

FAGGILDINGARSVIÐ


REKSTRARSVIÐ

- Fjármál
- Mannauður
- Skjalastjórnun
- Upplýsingatækni

YFIRLÖGFRÆÐINGUR

GÆÐASTJÓRNUN

## Staðfest evrópsk einkaleyfi



**1.006**

Fjöldi staðfesta evrópskra einkaleyfa á Íslandi árið 2015



**98**

Aukningin á staðfestum evrópskum einkaleyfum milli ára

Íslenskar umsóknir sem héldu áfram í alþjóðlegt ferli (PCT) voru 17 á árinu, en það er fjölgun úr 15 frá fyrra ári. Allar þessar umsóknir fóru í rannsókn til Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Árið 2015 voru 1.006 evrópsk einkaleyfi staðfest hér á landi. Fjölgunin milli áráanna 2014 og 2015 er tæp 11%.

Eins og undanfarin ár voru flest staðfest evrópsk einkaleyfi frá Bandaríkjunum eða um þriðjungur. Um 12% voru frá Þýskalandi og samtals 7% frá Norðurlöndunum. Evrópsk einkaleyfi í eigu íslenskra aðila, sem tóku gildi hér á landi á árinu 2015, voru 7 samanborið við 4 árið 2014.

Á árinu 2015 voru veitt 17 landsbundin einkaleyfi, en það er mikill samdráttur frá fyrra árið þegar þau voru 54. Munurinn liggur annars vegar í því að í loks árs 2013 var farið í sérstakt átak til að veita landsbundin einkaleyfi sem byggðu á þegar veittum einkaleyfum hjá Evrópsku einkaleyfastofunni og eins í því að einkaleyfisumsóknum sem bíða niðurstöðu hefur fækkað mikið á allra síðustu árum. Þær voru um 400 í árslok 2013, 300 í árslok 2014 en um 220 í árslok 2015. Mikill meirihluta þessara umsókna barst Einkaleyfastofunni áður en Ísland gerðist aðili að Evrópsku einkaleyfastofunni og er meðalaldur þeirra nú um 8 ár. Ekki er útlit fyrir mikla fjölgun veittra einkaleyfa árið 2016 en á árinu 2017 er gert ráð fyrir að niðurstaða liggji fyrir í umtalsverðum fjölda mála.

Umsóknum um viðbótarvernd hefur fjölgað mikið á allra síðustu árum. Árið 2014 var metár með 23 umsóknir en á árinu 2015 fjölgaði þeim mikið og urðu 40. Þessi mikla aukning er bein afleiðing af því að evrópskum einkaleyfum sem eru í gildi á Íslandi hefur fjölgað mikið á allra síðustu árum. Einkaleyfastofan gaf út 15 viðbótarvottorð á árinu 2015 sem umtalsverð aukning frá fyrra ári þegar þau voru 6.

Einkaleyfastofunni bárust 5 beiðnir um endurveitingu réttinda á árinu og var ákvarðað í fjórum málum. Tveimur beiðnum var hafnað (sameinuð mál) en tvær voru samþykktar. Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar ákvarðaði í tveimur einkaleyfamálum á árinu, annað þeirra varðaði synjun Einkaleyfastofunnar á beiðni um takmörkun á einkaleyfi frá árinu 2014 en hitt synjun á beiðni stofnunarinnar um veitingu viðbótarvottorðs með neikvæðum gildistíma frá árinu 2009. Því síðara var áfrýjað til dómstóla.

Til að viðhalda umsóknum um einkaleyfi og veittum einkaleyfum þurfa eigendur þeirra að greiða árgjöld til Einkaleyfastofunnar. Fjöldi afgreiddra árgjalda var um 4.500 á árinu 2015. Í árslok 2015 voru um 4.600 evrópsk einkaleyfi í gildi á Íslandi. Landsbundin einkaleyfi í gildi á sama tíma voru um 500.

Við samanburð á uppruna einkaleyfa sem eru í gildi hér á landi kemur í ljós að hlutfall Norðurlandanna af landsbundnum einkaleyfum er mun hærra en af evrópskum






Abraham Lincoln fékk skráð í Bandaríkjunum árið 1849 einkaleyfi númer 6.469, “Buoying Vessels Over Shoals”, sem var tól til að lyfta bátum yfir rif og hindranir í ám.

Lincoln er sagður hafa verið ötull stuðningsmaður hugverkaréttinda og dáðst að kerfinu vegna þess gagnkvæma ávinnings sem það veitir bæði uppfinningamanninum og samfélagi hans. Árið 1859 benti hann á að lög um einkaleyfi tryggðu að uppfinningamaður hefði, í takmarkaðan tíma, einkarétt á notkun uppfinningar sinnar og bæti þar með eldsneyti á eldmóð snillinga í uppgötvun og framleiðslu á nýjum og gagnlegum hlutum. Þá kallaði hann setningu laga um einkaleyfi eitt af þremur mikilvægustu framfararskrefum í sögu heimsins.

Aðild Íslands að Evrópsku einkaleyfastofunni hefur þannig gjörbreytt landslaginu; ekki aðeins eru miklu fleiri einkaleyfi í gildi á Íslandi nú, heldur sjá fyrirtæki utan Norðurlandanna sér augljóslega ríkari hag í að skrá réttindi sín hér en áður.

einkaleyfum eða 21% á móti 8%. Þá eru 6% landsbundinna einkaleyfa í eigu íslenskra aðila en aðeins 0,4% af evrópskum einkaleyfum. Að sama skapi er hlutfall landa utan Norðurlandanna nær undantekningalaust hærra þegar kemur að evrópskum einkaleyfum en landsbundnum. Aðild Íslands að Evrópsku einkaleyfastofunni hefur þannig gjörbreytt landslaginu; ekki aðeins eru miklu fleiri einkaleyfi í gildi á Íslandi nú, heldur sjá fyrirtæki utan Norðurlandanna sér augljóslega ríkari hag í að skrá réttindi sín hér en áður.

## Uppruni einkaleyfa í gildi á Íslandi



## H Ö N N U N

Á árinu 2015 fækkaði landsbundnum hönnunarumsókn-um umtalsvert frá fyrra ári. Að mati Einkaleyfastofunnar er þetta ákveðið áhyggjuefni. Skráning hönnunar á heimsvísu er mjög vaxandi og sést það m.a. í því að fleiri umsóknir um alþjóðlega skráningu hönnunar bárust Einkaleyfastofunni á síðasta ári en árið 2014. Því miður virðast of margir íslenskir hönnuðir ekki sjá sér hag í skráningu hönnunar. Á árinu bárust ekki nema 12 umsóknir um skráningu hönnunar frá íslenskum aðilum samanborið við 25 árið 2014 og 45 árið 2010. Einkaleyfastofan hefur um árabíl talað kerfisbundið fyrir skráningu þessara réttinda en ljóst er að betur má ef duga skal.



*Hönnun er einn helsti drifkraftur evrópskra hagkerfa, en fyrirtæki sem nýta sér hönnunarrétt í ríkum mæli standa samtals undir 12% af öllum störfum innan Evrópusambandsins og næstum 13% af landsframleiðslu sambandslandanna. Í nútíma iðnaði sem byggir að miklu leyti á skapandi greinum er áriðandi að átta sig á mikilvægi óáþreifanlegra eigna og leikur hönnunarvernd þar mikilvægt hlutverk.*



73


Skráning hönnunar á heimsvísu er mjög vaxandi og bárust Einkaleyfastofunni 73 umsóknir um alþjóðlega skráningu hönnunar. Þetta er um 10% aukning frá árinu á undan.



12

Einungis 12 umsóknir um landsbundna hönnun bárust árið 2015. Þessi fækkun er ákveðið áhyggjuefni.

## Umsóknir um skráningu hönnunar





## Vörumerkjasvið


Vörumerkjasvið annast meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, félagamerkja og byggðamerkja, auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka. Engin umsókn um byggðamerki barst Einkaleyfastofunni á árinu, en skráð byggðamerki eru 22 og er það elsta frá árinu 1999. Á vörumerkjasviði eru einnig meðhöndlaðar umsóknir um alþjóðlega skráningu vörumerkja, svokallaðar ISMP umsóknir, sem áframsendar eru til Alþjóðahugverkastofnunarinnar til meðhöndlunar skv. Madrid skráningarkerfinu.

## V Ö R U M E R K I

Alls bárust Einkaleyfastofunni 3.928 umsóknir um vörumerki á árinu 2015. Stærstur hluti umsóknanna á uppruna sinn í Bandaríkjunum eða 21%. Þar á eftir koma Íslendingar með 16% en það er fækkun frá því fyrra þegar Íslendingar áttu 19% umsóknanna.

Árið 2015 fjölgaði umsóknum um vörumerki um 7% miðað við árið á undan. Alþjóðlegar umsóknir voru 2.734 en landsbundnar umsóknir 1.194. Landsbundnar umsóknir eru þær umsóknir sem lagðar eru inn beint til Einkaleyfastofunnar, ýmist af einstaklingum, fyrirtækjum eða umboðsmönnum hérlendis. Alþjóðlegu umsóknirnar berast Einkaleyfastofunni frá Alþjóðahugverkastofnuninni um Madrid skráningarkerfið.

## Upprunaland vörumerkjaumsókna



15%

Einkaleyfastofunni bárust 2,734 alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir árið 2015. Þetta er aukning um 15% frá árinu áður.



640

Fjöldi landsbundinna vörumerkjaumsókna í eigu íslenskra aðila árið 2015. Þetta er fækkun um 7%.

Landsbundnum umsóknum fækkaði um ríflega 8% samanborið við árið 2014. Landsbundnar umsóknir í eigu erlendra aðila voru 554 og fækkaði um 7% í samanburði við árið á undan. Sama má segja um umsóknir í eigu íslenskra aðila en þær voru 640 og fækkaði um rúmlega 8%. Alþjóðlegum umsóknum fjölgaði um ríflega 15%, voru 2.734 árið 2015 en 2.373 árið þar á undan.

Alþjóðlegum umsóknum frá íslenskum aðilum sem Einkaleyfastofan áframsendir til Alþjóðahugverkastofnunarinnar, þ.e. svokölluðum ISMP umsóknum, fækkaði verulega eða um 38% á milli áranna 2014 og 2015. Fjöldi umsókna fór úr 119 árið 2014 niður í 74 árið 2015. Fækkunina má helst rekja til þess að stærsti umsækjandinn sem hingað til hefur notað þessa leið fyrir umsóknir sínar flutti hluta starfsemi sína til útlanda.

Vörumerkjaskráningar voru samtals 3.023 á árinu 2015. Landsbundnar skráningar voru samtals 907 en 2.116 alþjóðlegar skráningar voru birtar til andmæla. Í lok árs 2015 voru tæplega 58.000 vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi, þar af ríflega 7.000 í eigu Íslendinga.

Einkaleyfastofunni bárust 17 andmæli gegn vörumerkjaskráningum á árinu 2015, sem er fækkun miðað við árið á undan en þá var 19 vörumerkjaskráningum andmælt. Einnig bárust 10 beiðnir um niðurfellingu skráðra merkja en 7 slíkar beiðnir bárust árið á undan. Einkaleyfastofan úrskurðaði í 8 andmælumálum á árinu og auk þess var ákvarðað í tveimur málum varðandi stjórnarsýslulega



*Huga þarf að skráningu vörumerkja á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins. Mikil verðmæti er til dæmis að finna í Íþróttahæiminum og eru nöfn og merki félaga oft meðal þeirra verðmætustu eigna. Til að vernda þessi verðmæti og varðveita sögu sína og arfleifð þurfa lið og samtök að huga að vernd hugverkaréttinda sinna, meðal annars til að gæta þess að stuðningsmenn viti að þeir séu að styrkja rétta aðila.*


ISMP umsóknnum fækkaði verulega, eða um 38%, á milli áruna 2014 og 2015. Umsóknnum fækkaði úr 119 árið 2014 niður í 74 árið 2015.

niðurfellingu. Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar úrskurðaði í 12 málum á árinu en 9 málum var áfrýjað til nefndarinnar. Nefndin staðfesti átta úrskurði Einkaleyfastofunnar en fjórum úrskurðum var hnekkt.

Einkaleyfastofan hefur sett sér það markmið að skráningarferli umsókna um vörumerki, þar sem ekki koma til formgallar og/eða höfnun, sé að meðaltali ekki lengra en 12 vikur. Markmiðið náðist ekki árið 2015 og var meðhöndlunartíminn umtalsvert lengri, eða allt að 17 vikur.

Vörumerkjaskráningar má endurnýja á tíu ára fresti, eins oft og eigandi kys til að viðhalda skráningu merkis. Heildarfjöldi endurnýjaðra vörumerkja á árinu 2015 var 2.755 samanborið við 2.229 árið 2014. Alþjóðahugverkastofnunin tilkynnti Einkaleyfastofunni um 1.730 endurnýjaðar alþjóðlegar skráningar en 1.025 landsbundin vörumerki voru endurnýjuð.

## Vörumerkjaskráningar



	2011	2012	2013	2014	2015
Íslenskar	574	627	516	496	419
Erlendar	496	569	551	485	488
Alþjóðlegar	2.595	2.182	2.218	2.224	2.116





## Faggildingarsvið

Faggildingarsvið – ISAC – er sjálfstætt starfandi svið á Einkaleyfastofunni og er opinbera faggildingarstofan á Íslandi. ISAC starfar samkvæmt lögum um faggildingunni o.fl. númer 24/2006, reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingunni o.fl. og staðlinum ÍST EN ISO/ IEC 17011 (Samræmismat – Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur). Að auki starfar ISAC eftir kröfum og leiðbeiningum European Accreditation samtakanna, sem sviðið er meðlimur í.

European Accreditation (EA) eru samtök faggildingarstofa í Evrópu og eru sá aðili sem annast samræmingu á starfsemi faggildingar í Evrópu og til þess tilnefnd af Evrópusambandinu. EA starfrækir ýmsar tækninefndir sem fulltrúar ISAC sækja fundi hjá, ásamt aðalfundum samtakanna.

Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur sem eru m.a. tilgreindar í reglugerðum og/eða stöðlum. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum er varða samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu. Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem er prófuð, skoðuð eða vottuð í einu landi af faggildum aðila sé viðurkennd í öllum löndum

Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem er prófuð, skoðuð eða vottuð í einu landi af faggildum aðila sé viðurkennd í öllum löndum þar sem faggilding er starfrækt.

þar sem faggilding er starfrækt. Í Evrópu eru starfandi faggildingarstofur í meira en 40 löndum.

Á faggildingarsviði er einn starfsmaður sem sér um daglegan og faglegan rekstur sviðsins. Við framkvæmd faggildingarmats og/eða faggildingareftirlits ræður sviðið til sín tæknilega matsmenn eða sérfræðinga til aðstoðar við mat á samræmi á tæknilegum kröfum. Faggildingarsvið er í samstarfi við SWEDAC faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum. Einnig hefur sviðið aðgang að tæknilegum matsmönnum SWEDAC sem eru sérfræðingar í ökutækjaskoðunarstofum.

Á árinu voru 45 virkar faggildingar. Prófunarstofur voru alls sjö á sviði matvæla, lögmælifræði og klínískra mælinga, vottunarstofur tvær, annars vegar á sviði líf-

rænnar framleiðslu og hins vegar vottunarstofa sem vottar stjórnkerfi og þá voru 36 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, leiksvæði, lyftur og markaðseftirlit. Ein prófunarstofa á sviði lögmælifræða hætti starfsemi á árinu og í kjölfarið féll faggilding hennar niður. Í lok ársins voru því 44 virkar faggildingar.

Eitt af hlutverkum faggildingarstofa er að efla samstarf milli hagsmunaaðila faggildingar, sem geta ýmist verið eigendur krafna, notendur þjónustu eða samræmismatsstofur svo eitthvað sé nefnt. ISAC átti þó nokkra fundi á árinu með eigendum krafna með það að markmiði að auka samskipti og stuðla að betri þjónustu við samræmismatsaðilana. Árlega fundar ISAC einnig með Hagsmunahópi faggiltra aðila sem er hluti af Samtökum verslunar og þjónustu, en tilgangur þeirra funda er meðal annars að efla samstarf og upplýsa um framgang og þróun faggildingarstarfsins. Nokkrir fundir um mögulega frekari faggildingarþjónustu áttu sér stað á árinu og munu halda áfram á árinu 2016.

Á síðari hluta ársins hófst mikil greiningar- og stefnu- mótunarvinna milli ISAC og atvinnuvega- og nýsköpunar- ráðuneytisins (ANR). Tilgangurinn var að greina og ákveða hvernig skuli staðið að framkvæmd og veitingu faggildingar á Íslandi um ókomin ár og hvað þurfi til að ISAC geti uppfyllt Evrópureglugerð 765/2008 um faggildingingu og markaðseftirlit, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð 566/2013. Var þeirri vinnu ekki allri lokið á árinu.

Faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar fékk auknar fjárheimildir á fjárlögum ársins 2016 sem er skref í rétta átt við að koma starfseminni á þann stað sem henni ber. Verður hluta þessa fjármagns varið í að bæta við starfsmanni á sviðið, sem er löngu tímabært.

Með aukinni vitund um faggildingingu og þýðingar hennar, hjá íslenskum stjórnvöldum, hærri fjárheimildum til starfseminnar og mörgum tækifærum til frekari nýtingar faggildingar í landinu, er ekki hægt að segja annað en að framtíðin sé björt og spennandi.



## Fræðslu- og kynningarmál

Einkaleyfastofan kom að ýmsum viðburðum í tengslum við fræðslu- og kynningu á hugverkaréttindum á árinu. Þar má nefna kynningu á fræðslufundi Rannís um hugverkarétt í tengslum við verkefni sem styrkt eru af H2020, samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Þá voru haldnar kynningar fyrir nemendur á ýmsum skólastigum, t.d. nemendur í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Fjölbautaskólanum í Garðabæ og meistara- og doktorsnema á vegum Matís.

Einkaleyfastofan hefur um nokkurra ára skeið lagt áherslu á að fræða börn og unglunga um hugverkaréttindi og kom m.a. að nýsköpunarkeppni grunnskólanna sem haldin var í maí.

Einkaleyfastofan tók einnig þátt í nokkrum viðburðum á alþjóðavísu. Forstjóri Einkaleyfastofunnar flutti erindi á



ráðstefnunni Women Inventors and Entrepreneurs 2015 sem haldin var á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) í Seoul í Suður Kóreu í maí. Yfirskrift erindisins var *Promoting use of IP as a strategic tool for enhancing the performance and positive impact of startup companies on innovation, job creation and economic growth*.

Sviðsstjóri einkaleyfa- og hönnunarsviðs hélt fyrirlestur á námskeiði fyrir stjórnendur frá einkaleyfastofum tíu þróunarríkja í Osló í maí. Námskeiðið var haldið af

Norsku einkaleyfastofunni (NIPO) og er liður í þriggja ára áætlun NIPO um þróunaraðstoð. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO) og var meginumfjöllunarefnið einkaleyfi. Fyrirlesturinn fjallaði um skilvirkni hjá lítilli einkaleyfastofu en í honum var farið yfir ýmsa kosti og galla smæðarinnar og það hvernig Einkaleyfastofan hefur tekist á við smæðina, m.a. með útvistun verkefna, alþjóðlegu samstarfi, aukinni skilvirkni í verklagi, skipulagsbreytingum o.fl.





## Laga- og reglugerða-breytingar

Engar breytingar urðu á þeim lögum og reglugerðum sem Einkaleyfastofan starfar eftir á árinu. Þess má þó geta að einn dómur Evrópudómstólsins (e. Court of Justice of the European Union – CJEU) leiddi á síðari hluta ársins til breytinga á framkvæmd varðandi gildistíma viðbótarvottorða (e. Supplementary Protection Certificate – SPC). Í máli nr. C-471/14 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að 13. gr. reglugerðar nr. 469/2009/EB um vottorð um viðbótarvernd fyrir lyf, sem er að þessu leyti samhljóða 13. gr. reglugerðar nr. 1768/92/EBE um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja, bæri að túlka á þann veg að gildistíma viðbótarvottorða skyldi reikna frá dagsetningu tilkynningar um veitingu markaðsleyfis en ekki dagsetningu veitingar þess eins og verið hefur. Einkaleyfastofan auglýsti í kjölfarið að



heimilt væri að óska eftir breytingu á gildistíma þeirra vottorða sem þegar hefðu verið veitt. Vottorð sem veitt hafa verið eftir að dómurinn féll hafa hins vegar verið veitt með gildistíma í samræmi við breytta framkvæmd.



## Innlent samstarf

### Hugverkastefna

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skipaði á haustmánuðum 2014 stýrihóp með það hlutverk að leggja drög að hugverkastefnu fyrir Ísland. Stýrihópurinn hélt reglulega vinnufundi á árinu, lét kanna stöðu hugverkaréttinda hjá fyrirtækjum og stofnunum hér á landi og átti samtöl og samráð bæði við skipaðan vinnuhóp vegna stefnumótunarinnar, sem og ýmsa hagsmunaaðila úr atvinnulífinu. Áætlað er að vinna við stefnuna ljúki árið 2016 með birtingu stefnuskjals og aðgerðaráætlunar vegna hugverkaréttinda.



## Samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum

Einn fundur samstarfshóps sem vinnur að aðgerðum gegn brotum á hugverkaréttindum var haldinn á árinu þar sem fulltrúi frá Tollstjóraembættinu kynnti það starf sem fram fer hjá EUROPOL á þessu sviði. Ísland á fulltrúa í 10 vinnuhópum innan þeirrar stofnunar, þar á meðal þeim sem hefur til umfjöllunar fölsuð matvæli, drykki og lyf, sem og hugverkaréttarbrot á netinu. Það er sérstakt áhyggjuefni að fölsun matvæla og drykkja hefur aukist umtalsvert, ekki síst innan Evrópu. Þá var kynnt ný heimasíða Norðmanna, [www.velgekte.no](http://www.velgekte.no), en Norðmenn hafa lagt mikla áherslu á liðnum árum á kynningarmál á þessu sviði sem gefist hefur vel.

## Upplýsingasetur um einkaleyfi

Einkaleyfastofan er með samstarfssamninga við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands um rekstur upplýsingasetra um einkaleyfi. Upplýsingasetrin á Íslandi eru hluti af tengslaneti upplýsingasetra (e. PATLIB network) sem er samstarf EPO við einkaleyfastofur aðildarríkja evrópska einkaleyfasamningsins (EPC) og upplýsingasetrin í aðildarríkjunum. EPO veitir ýmsa styrki til stuðnings starfseminni og má m.a. nefna að einn starfsmaður IMPRU sótti árlega PATLIB ráðstefnu sem haldin var í maí.

## Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda var haldin í 24. sinn á árinu og lauk henni með hófi og afhendingu verðlauna á síðasta degi maí. Um 2000 hugmyndir frá yfir 3000 þátttakendum um allt land bárust keppninni.

Lokahófið fór fram í Háskólanum í Reykjavík og sá mennta- og menningarmálaráðherra um afhendingu verðlauna. Einkaleyfastofan tók virkan þátt sem fyrr og skiptu starfsmenn með sér mati á umsóknum, kynningu á hugverkarétti og dómastörfum.

## FUVE og FEIS

Einkaleyfastofan hefur um langt skeið fundað reglulega með helstu hagsmunaaðilum. Slíkir samráðsfundir eru mikilvægir, bæði í því skyni að miðla upplýsingum og eins til að tryggja að stofnunin þjónusti viðskiptavinum sína í samræmi við væntingar.

Einkaleyfastofan og Félag umboðsmanna í vörumerkja- og einkaleyfamálum (FUVE) fundaði tvisvar á árinu en ekki náðist að funda með Félagi einkaleyfasérfræðinga (FEIS) að þessu sinni.

## Erlent samstarf

### EPO – Evrópska einkaleyfastofan


Þátttaka Einkaleyfastofunnar í starfsemi EPO fer að mestu leyti fram í framkvæmdaráði og fjármálanefnd, sem og í tveimur ráðgefandi nefndum, laganefnd og tækninefnd. Framkvæmdaráð (e. Administrative Council) fundaði fjórum sinnum á árinu. Á fundunum eru teknar ákvarðanir um mál sem afgreidd hafa verið úr fjármálanefnd, laganefnd og öðrum nefndum en einnig eru þar teknar ákvarðanir um önnur mál sem varða starfsemi EPO. Málefni og réttindi starfsmanna voru áberandi á fundum framkvæmdaráðs líkt og síðustu ár, fyrst og fremst vegna innleiðingar nýrra reglna varðandi réttindi starfsmanna. Þá hófust miklar umræður um breytingar á skipulagi stóru áfrýjunarnefndarinnar (e. Enlarged Board of Appeal) með það að markmiði að tryggja betur hlutleysi hennar. Á fundi framkvæmdaráðs í mars var

forstjóri Einkaleyfastofunnar kosinn í stjórn framkvæmdaráðs, B28, til þriggja ára.

Þrjú fundir voru haldnir í fjármálanefnd (e. Budget and Finance Committee). Allar fjárhagslegar skuldbindingar EPO koma til afgreiðslu nefndarinnar, þar með talið fjárhagsáætlanir, gjaldskrármál og ýmsir samningar. Auk fastra liða voru breytingar varðandi veikindarétt starfsmanna á meðal þeirra mála sem lögð voru fyrir nefndina.

Tveir fundir voru haldnir í tækninefnd EPO (e. Technical and Operational Support Committee) á árinu. Helstu umfjöllunarefni fundanna voru framgangur ýmissa verkfæra sem unnið er að, m.a. um söfnun allra evrópskra einkaleyfaskjala frá árinu 1973, þróun Espacenet gagnagrunns EPO og samþættingu gagnagrunna EPO við gagnagrunna einkaleyfastofa aðildarríkjanna. Eins var nokkuð fjallað um þróun innri leitar- og rannsóknarkerfa EPO sem eru í sífældri þróun.

Einn fundur var haldinn í laganefnd EPO (e. Committee on Patent Law) á árinu. Nefndin fær til umsagnar þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á EPC reglugerðinni (e. EPC Implementing Regulations) áður en þær fara til framkvæmdaráðsins og eftir atvikum fjármálanefndar til samþykktar. Þá fjallar nefndin einnig um úrskurði sem haft geta áhrif á framkvæmd innan EPO og fær til umfjöllunar og álits ýmis mál, s.s. í tengslum við samræmingarvinnu varðandi einkaleyfi. Á árinu voru samþykktar breytingar á reglu 82 varðandi ferli við



munnlegan málflutning í andmælamálum og ákveðið að leyfa handskrifaðar breytingar á einkaleyfisskjali í slíkri málsmeðferð að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá urðu breytingar á reglu 147 varðandi geymslu EPO á umsóknnum og öðrum skjölum í tengslum við málsmeðferð á rafrænu formi. Umræður urðu nokkrar um úrskurði æðstu áfrýjunarnefndar EPO (e. Enlarged Board of Appeal) í svonefndum tómata- og brokkolímalum frá því í mars 2015, mál nr. G 2/12 (Tómatar II) og G 2/13 (Brokkólí II). Í úrskurði nefndarinnar var kveðið á um að afurðir, s.s. plöntur/ávextir/grænmeti eða fræ sem til yrðu með aðferð sem væri aðallega líffræðileg væru einkaleyfishæfar. Mismunandi er hvernig líftækni-tilskipunin (nr. 98/44/EB), sem ákvæði EPC og flestra aðildarríkja byggja á, hefur verið túlkuð að þessu leyti í aðildarríkjunum og er því gert ráð fyrir frekari umræðum um þetta mál í nefndinni á næsta ári.

Alls voru sjö fundir haldnir í undirnefnd Evrópusambandsins (e. Select Committee) vegna þeirrar undirbúningsvinnu sem á sér stað vegna tilkomu svæðisbundins einkaleyfis (e. Unitary Patent). Nefndin var sett upp af þeim aðildarríkjum Evrópusambandsins sem taka þátt í verkefninu í þeim tilgangi að hafa eftirlit með þeirri starfsemi EPO sem tengist framkvæmd þessarar verndar og til að stilla upp gjaldakerfi og -dreifingu. Sá áfangi náðist í lok árs að reglur varðandi gjöld og dreifingu gjalda, sem og reglur um málsmeðferð, voru samþykktar af nefndinni. Ísland hefur stöðu áheyrnarfulltrúa á fundunum líkt og önnur aðildarríki EPO sem ekki standa að Unitary Patent.

## E P O S A M S T A R F

Einkaleyfastofan átti mjög gott samstarf við EPO eins og undanfarin ár og sóttu starfsmenn ýmis námskeið, viðburði og samstarfsfundi á árinu. Á grundvelli samstarfsáætlunar EPO (e. Bilateral Cooperation Plan – BCP) og Einkaleyfastofunnar er veittur fjárhagslegur stuðningur til þátttöku í slíkum viðburðum auk þess sem Einkaleyfastofan er undanþegin greiðslu námskeiðskostnaðar. Vinna við endurskoðun samstarfsáætlunarinnar fór fram á árinu og var gert ráð fyrir undirritun nýrrar áætlunar í ársbyrjun 2016.

Árlegur samstarfsfundur aðildarríkja EPO (e. Annual Meeting on Cooperation) var að þessu sinni haldinn í júní í Riga í Lettlandi. Á fundinum var farið yfir markmið samstarfsins og tillögur að nýjum verkefnum kynntar. Umfangsmestu verkefni tengjast tæknimálum og ýmiss konar samræmingu er þeim tengist. Þar á eftir koma verkefni sem tengjast fræðslu og þjálfun starfsmanna einkaleyfastofa í aðildarríkjunum og notendum einkaleyfakerfisins.





## EFTA

Tveir fundir voru haldnir í hugverkanefnd EFTA á árinu. Á þeim fundum gefst Einkaleyfastofunni tækifæri til að fylgjast með þeirri vinnu sem fram fer innan Evrópusambandsins í tengslum við hugverkaréttindi, bæði hvað varðar þau réttindi sem stofnunin ber ábyrgð á, sem og óskráð réttindi, s.s. höfundarrétt og viðskiptaleyndarmál. Hæst á árinu báru fyrirhugaðar breytingar á reglugerð og tilskipun um vörumerki sem unnið hefur verið að síðustu ár en þær voru samþykktar í desember 2015. Framkvæmdastjórnin upplýsti meðal annars um það að tekið hefði verið tillit til athugasemda hugverkahópsins hvað varðar heimild umboðsmanna EFTA-ríkjanna til þess að reka mál fyrir umsækjendur gagnvart OHIM. Mun sú breyting taka gildi um leið og ný reglugerð um Evrópusambandsvörumerki gengur í gildi í mars árið 2016. Sú breyting mun einnig hafa í för með sér að heiti OHIM verður breytt í European Union Intellectual Property Office eða EUIPO.

Þróun mála varðandi svæðisbundið einkaleyfi (e. Unitary Patent) var einnig rædd, sem og vinna þeirra nefnda sem skipaðar voru til þess að útfæra reglur og gjöld á grundvelli bæði þeirra reglugerða sem gilda munu um veitingu svæðisbundinna einkaleyfa sem og varðandi dómstólinn. Sú vinna gekk vonum framar á árinu og hafa helstu málsmeðferðarreglur og gjöld verið útfærð nú þegar auk þess sem opnað verður fyrir ráðningarferli dómara við dómstólinn um mitt ár 2016. Í árslok 2015

höfðu átta ríki fullgilt dómstólasamninginn, þar á meðal Frakkland, en fullgilding 13 ríkja þarf að liggja fyrir áður en reglugerðir um meðhöndlun þessara einkaleyfa taka gildi og Frakkland, Bretland og Þýskaland þurfa að vera í þeim hópi. Þess má geta að mörg lönd eru langt á veg komin með undirbúning lagasetningar og standa því vonir til þess að hægt verði að veita fyrsta evrópska einkaleyfið með svæðisbundinni vernd árið 2017.

Innan Evrópusambandsins hefur ennfremur verið í skoðun að setja tilskipun um vernd viðskiptaleyndarmála (e. Trade Secrets) og voru drög að henni lögð fram í árslok 2013. Mikil vinna hefur átt sér stað frá þeim tíma og í árslok 2015 náðist samkomulag um lokadrög tilskipunarinnar sem fara munu í samþykktarferli á nýju ári.

Stöðugt var unnið að því á árinu að ljúka innleiðingu tilskipunar um lyf fyrir börn nr. 1901/2006/EB og reglugerðar um vottorð um viðbótarvernd fyrir lyf nr. 469/2009/EB. Þó enn beri eitthvað í milli á milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins, standa vonir til þess að hægt verði að ljúka málinu á næsta ári.

## Evrópusambandið – OHIM

Á grundvelli samkomulags milli Einkaleyfastofunnar og OHIM frá árinu 2013 um þátttöku Íslands í TMView, TMClass og DesignView hófst vinna við innleiðingu á DesignView strax í upphafi árs. TMView og TMClass höfðu þá þegar verið innleidd. Innleiðingu DesignView lauk í maí 2015 en þar með varð í fyrsta skipti mögulegt að leita í íslensku hönnunarskránni á vefnum. Allur kostnaður vegna þessa verkefnis var að fullu greiddur af OHIM.

OHIM hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á uppbyggingu akademíu og miðar samkomulag milli Einkaleyfastofunnar og OHIM að auknu aðgengi að þjálfun fyrir starfsmenn. Á grundvelli þessa samkomulags sóttu starfsmenn sex sérsniðin námskeið á sviði vörumerkja og hönnunar á árinu auk nokkurra vefnámskeiða (e. webinar). Akadémían hefur einnig lagt mikla áherslu á þjálfun og fræðslu fyrir dómara og í kjölfar samræmdra reglna fyrir umsóknar- og aðildarríki stendur nú íslenskum dómurum til boða margvísleg þjálfun og fræðsla á sviði vörumerkja- og hönnunarréttar.

Líkt og undanfarin ár sótti Einkaleyfastofan fasta samráðsfundi OHIM. Um er að ræða fundi um vörumerki, hönnun og tækni- og samstarfsverkefni. Vegna stöðu Íslands sem umsóknarríkis greiddi OHIM ferðakostnað vegna fundanna.



## Norrænt samstarf

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna var með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu. Sóttir voru fundir í samráðshópum um einkaleyfi annars vegar og vörumerkamálum hins vegar en tilgangur slíkra funda er meðal annars sá að fylgjast með helstu breytingum í þeim löndum sem við berum okkur hvað mest saman við og stilla saman strengi hvað varðar lagasetningu og túlkun við úrlausn þeirra mála sem eru sambærileg. Að auki var haldinn fundur í vinnuhópi sem snýr að markaðsmálum skrifstofanna og mögulegu samstarfi á því sviði. Forstjórar skrifstofanna funduðu einnig og ræddu þau málefni sem eru efst á baugi á sviði hugverkaréttar.

## Nordic Patent Institute

Starfsemi Nordic Patent Institute (NPI) var með svipuðu sniði og síðustu ár. Við stofnunina starfa forstjóri og aðstoðarforstjóri en að öðru leyti byggir stofnunin starfsemi sína á þeim mannaði sem þegar er til staðar í einkaleyfastofum aðildarríkjanna, þ.e. Danmerkur, Íslands og Noregs. Forstjóri Einkaleyfastofunnar er stjórnarformaður NPI og fundaði stjórnin reglulega á árinu, að jafnaði í gegnum fjarfundabúnað. Árlegur stefnumótunar- og stjórnarfundur var haldinn í Noregi í nóvember þar sem rætt var um helstu áherslur í starfsemiinni og áætlanagerð næsta árs.

## WIPO – Alþjóðahugverkastofnunin

Fimmtugasta og fimmta allsherjarþing WIPO var haldið í byrjun október 2015. Á þessu árlega þingi er farið yfir starfsemi WIPO í heild, áætlanir, helstu verkefni og fjármál en auk þess eru lagðar fram til samþykkis breytingar á þeim samningum sem nefndir aðildarríkjanna hafa unnið að og stofnunin hefur umsjón með.

Á þinginu kom fram að umsóknum á öllum sviðum hefði fjölgað og var búið við því að einkaleyfisumsóknir myndu ná því að verða um 220.000 fyrir árslok 2015 og umsóknir um skráningu vörumerkja um 50.000. Einnig var aukningu að merkja í umsóknum um skráningu hönnunar. Þá voru breytingar samþykktar á reglugerðum PCT-sáttmálans og Madrid Protocol sem munu sumar hverjar ganga í gildi árið 2016 en aðrar ekki fyrr en árið 2017.

Á þinginu var Visegrad stofnunin (e. Visegrad Patent Institute) samþykkt sem alþjóðleg rannsóknarstofnun (ISA/IPEA) en hún er sett upp með svipuðum hætti og NPI, sem Ísland er aðili að. NPI veitti stofnendum hennar, Tékklandi, Ungverjalandi, Slóvakíu og Póllandi, ráðgjöf á meðan á undirbúningsferlinu stóð.



## PPH

Flýtimeðferð einkaleyfisumsókna (e. Patent Prosecution Highway) eða PPH er valkostur sem staðið hefur íslenskum umsækjendum til boða frá árinu 2011, fyrst vegna umsókna til og frá Japan og Bandaríkjunum. Yfirmarkmið PPH er að stytta afgreiðslutíma einkaleyfisumsókna og einfalda rannsóknarferlið og eru mörg ríki með slíka samninga sín á milli.

Einkaleyfastofan hefur frá því í janúar 2014 verið aðili að samstarfi sem nefnt hefur verið Global Patent Prosecution Highway (GPPH), sem er tilraunaverkefni 21 ríkis um PPH samstarf. Þá er einnig yfirstandandi tilraunaverkefni milli Einkaleyfastofunnar og kínversku einkaleyfastofunnar (SIPO) um PPH, sem verður endurskoðað árið 2016.

Einkaleyfastofunni barst engin umsókn um flýtimeðferð á árinu, en ein árið áður.



## Starfsmannamál

Starfsmannaveita var svipuð og undanfarin ár. Starfsmenn á launaskrá voru 24 í árslok og hafði starfsmönnum fækkað um tvo frá því árið á undan. Fækkunina má rekja til þess að ekki var ráðið í störf tveggja starfsmanna sem annars vegar fóru í fæðingarorlof og hins vegar í launalaust leyfi. Tveir starfsmenn voru ráðnir til sumarstarfa, annar þeirra í gegnum átak Vinnuálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn.

Allir starfsmenn sóttu endurmenntun af einhverju tagi á árinu en eitt af meginmarkmiðum Einkaleyfastofunnar er að starfsmenn geti viðhaldið og aukið við faglega þekkingu sína með sí- og endurmenntun. Á meðal þeirra námskeiða sem voru sótt má nefna sérsniðin vörumerkja-, einkaleyfa- og hönnunarnámskeið, námskeið í innri úttektum fyrir gæðakerfi, námskeið í launavinnslu, opinberum innkaupum, stjórnendanámskeið og námskeið í verkefnastjórnun.

## Skipulagsbreytingar


Vinna við endurskoðun á stefnu og skipulagi Einkaleyfastofunnar setti mark sitt á starfið á árinu. Upphaf þeirrar vinnu má rekja aftur til seinni hluta ársins 2014 þegar haldinn var stefnumótunarfundur með öllum starfsmönnum. Niðurstöður fundarins voru notaðar sem leiðarljós stjórnenda við framhald vinnunnar sem átti sér stað á síðasta ári þegar unnið var að heildarendurskoðun á skipulagi út frá verkefnum stofnunarinnar.

Markmiðin með nýju skipulagi eru einkum þau að tryggja aukna fjölbreytni í verkefnum starfsmanna, að einfalda og samræma ferla, að auðvelda afleysingu innanhúss, að jafna vinnuálag, að jafna málsmeðferðartíma, að tryggja markvissa lögfræðilega leiðsögn og að auka áherslu á fræðslu- og kynningarmál.

Nýtt skipulag var kynnt starfsmönnum í september og gafst þeim þá jafnframt kostur á að óska eftir staðsetningu í nýju skipulagi. Niðurstaða varðandi niðurröðun starfa var kynnt í lok október og hófst þá frekari vinna við undirbúning nýrra sviða með starfsmönnum, með það að markmiði að ýta nýju skipulagi úr vör í byrjun árs 2016.



## NÝTT SKIPURIT EINKALEYFASTOFUNNAR






## Tölfræði


Gjöld fyrir notkun hugverka jukust um 70% (12 ma.kr) og útflutningstekjur af fjarskipta-, tölvu og upplýsingaþjónustu hækkuðu um 20% (5 ma.kr). Báðir þessir liðir uxu einnig mikið árið 2014, svo það er jákvætt fyrir hagkerfið að fleiri útflutningsgreinar séu í vexti um þessar mundir þar sem það dregur úr einhæfni hagkerfisins.

### Gjöld fyrir notkun hugverka




Tölur frá Hagstofu Ísland um gjöld fyrir notkun hugverka sýna hið aukna vægi málaflöksins fyrir íslenska hagkerfið síðustu ár. Undir þennan flokk falla leyfisgjöld vegna viðskiptasérleyfa og vörumerkja, leyfi til að nota niðurstöður rannsóknar- og þróunarvinnu, leyfi til að endurskapa og/eða dreifa hugbúnaði og leyfi til að endurskapa og/eða dreifa mynd- og öðru afþreyingarefni. (Heimild: Hagstofa Íslands)

### Skráð vörumerki á Íslandi eftir flokkum



Flest skráð vörumerki á Íslandi eru fyrir lyf eða efnafræðilegar vörur í flokki 5. Talsverða aukningu er enn fremur að merkja í margmiðlunar-búnaði og -tækjum.


## Þróun á skráningu vörumerkja




Það er athyglisvert að rýna í skráningu vörumerkja síðustu ár, en ör þróun hefur verið í fjölda skráninga í ólíkum flokkum. Til dæmis hafa skráningar á vörumerkjum tengdum fjármálastarfsemi dregist saman síðustu ár á meðan það hefur verið gríðarleg aukning á skráningum á vörumerkjum tengdum ferðaþjónustu. Síðustu ár hefur einnig verið mikil aukning á hlutfalli vörumerkjaskráninga í flokki 32 (Bjór; gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir). Þróunin endurspeglar vel miklar breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi síðustu ár, allt frá aukinni grósku í innlendra framleiðslu á bjór til breytts umhverfis efnahagslífs fyrir og eftir hrun.



## Þróun á skráningu vörumerkja



## Vörumerkjaumsóknir 2015, helstu flokkar



Vörumerki eru skráð fyrir tiltekna vöru og/eda þjónustu. Vöruflokkarnir eru 34, flokkar 1-34 og þjónustuflokkarnir 11, flokkar 35-45. Eins og undanfarin ár óska flestir umsækjendur eftir að skrá merkin sín fyrir vörur í flokki 5 (10%), fyrir lyf og lyfjatengdar



60.000

Á Íslandi eru í gildi um 60,000 vörumerki



7.200

Þar af eiga Íslendingar um 7,200



832

Fjöldi skráðra hannana í gildi á Íslandi



170

Fjöldi skráðra hannana í eigu Íslendinga



# Árangursmat

## Ársáætlun

Í fjárlögum ársins 2015 voru 243 m.kr. ætlaðar til reksturs Einkaleyfastofunnar. Ef frá er talið 6 m.kr. framlag úr ríkissjóði vegna reksturs faggildingarsviðs var gert ráð fyrir að reksturinn yrði að fullu fjármagnaður með rekstrartekjum. Á tekjuhlíð fjárlaga voru rekstrartekjur áætlaðar 276 m.kr. og sértekjur 8,2 m.kr.

Í fjárukalögum ársins 2015 sem samþykkt voru í desember var fjárheimild Einkaleyfastofunnar hækkuð um 84,7 m.kr. og skyldi sú fjárhæð fjármögnuð með innheimtum rekstrartekjum.

Rekstraráætlun gerði ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 327,2 m.kr. og heildartekjum að upphæð 350,7 m.kr. Áætlunin gerði þannig ráð fyrir 23,5 m.kr. tekjuafgangi.

		Rauntölur 2015	Áætlun 2015
Tekjur			
Rekstrartekjur		359.788.824 kr.	338.700.000 kr.
Sértekjur		19.024.667 kr.	12.000.000 kr.
	<b>Tekjur samtals:</b>	<b>378.813.491 kr.</b>	<b>350.700.000 kr.</b>
Gjöld			
Rekstrargjöld		324.682.331 kr.	327.200.000 kr.
	<b>Gjöld samtals:</b>	<b>324.682.331 kr.</b>	<b>327.200.000 kr.</b>
Tekjur umfram gjöld		54.131.160 kr.	23.500.000 kr.
Framlag úr ríkissjóði		6.000.000 kr.	6.000.000 kr.
Hagnaður / tap ársins		60.131.160 kr.	29.500.000 kr.



## Ársreikningur

Helstu tölur úr rekstri ELS árið 2015 má sjá í töflunni hér að framan.

### SAMANBURÐUR OG SKÝRINGAR

Rekstur Einkaleyfastofunnar er um margt frábrugðinn rekstri annarra ríkisstofnana. Reksturinn er fjármagnaður með þjónustugjöldum og kemur því ekki til framlag úr ríkissjóði að öðru leyti en því sem varðar rekstur faggildingarsviðs. Umsvif stofnunarinnar ráðast þannig af fjölda umsókna og erinda sem koma til meðferðar hjá stofnuninni hverju sinni. Rekstrarform Einkaleyfastofunnar er hins vegar A-hluta form og er fjárheimild stofnunarinnar því ákvörðuð á fjárlögum hvers árs án þess að til komi framlag úr ríkissjóði. Sá vandi hefur hins vegar blasað við um árabíl að fjárheimildir samkvæmt fjárlögum hafa ekki endurspeglad raunverulegt rekstrarumhverfi stofnunarinnar og verið töluvert lægri en raunkostnaður. Ítrekað hefur verið bent á þennan vanda.

Þetta fyrirkomulag hefur gert það að verkum að Einkaleyfastofan hefur á síðustu árum safnað upp skuld við ríkissjóð í formi neikvæðs höfuðstóls en reikningskilareglur A-hluta stofnana kveða á um að sá hluti

kostnaðar sem fer umfram útgjaldaheimild fjárlaga skuli bókfærður sem halli. Á móti hefur bundið eigið fé stofnunarinnar aukist mjög þar sem stofnunin hefur alla jafna verið rekin með hagnaði. Stofnuninni er hins vegar óheimilt að mæta þessum halla með tekjum sínum sem eru umfram áætlun fjárlaga nema Alþingi kveði sérstaklega á um það í fjár- eða fjárukalögum. Í árslok 2015 var staða höfuðstóls Einkaleyfastofunnar neikvæð upp á 163 m.kr. en bundið eigið fé stofnunarinnar var ríflega 344 m.kr. Greiðslustaða Einkaleyfastofunnar við ríkissjóð er þannig jákvæð upp á 171 m.kr. Hækkun fjárheimildar í fjárukalögum í desember gerði það að verkum að mismun milli fjárheimildar og raunkostnaðar var eytt fyrir árið 2015. Það verður að telja mikið framfaraskref því aðeins þannig hættir stofnunin að safna upp neikvæðum höfuðstól.

Rekstur stofnunarinnar var um margt óhefðbundinn á árinu og var óvissa í rekstrarmálum mikil. Rekstraráætlun fékkst ekki samþykkt fyrr en í árslok þegar fjárukalög voru afgreidd. Reksturinn var þó í góðu samræmi við upphaflega áætlun. Heildartekjur námu 378,8 m.kr. en í rekstraráætlun var gert ráð fyrir að tekjur næmu 350,7 m.kr. Rekstrartekjur námu 359,8 m.kr. en líkt og síðustu ár var stærsti einstaki tekjuliður stofnunarinnar tilkominn vegna alþjóðlegra vörumerkjaumsókna og –endurnýjana, eða um 163 m.kr. Sértekjur stofnunarinnar voru nokkuð hærri en gert var ráð fyrir eða 19 m.kr. Að stórum hluta er um að ræða endurgreiðslur frá alþjóðastofnunum fyrir útlögðum kostnaði við tæknileg samstarfsverkefni eða

Reksturinn var þó í góðu samræmi við upphaflega áætlun. Heildartekjur námu 378,8 m.kr. en í rekstraráætlun var gert ráð fyrir að tekjur næmu 350,7 m.kr.

Rekstrartekjur námu 359,8 m. kr. en líkt og síðustu ár var stærsti einstaki tekjuliður stofnunarinnar tilkominn vegna alþjóðlegra vörumerkjaumsókna og -endurnýjana, eða um 163 m.kr.

um 70%. Aðrar sértekjur skýrast af endurgreiðslum frá EPO fyrir útlögðum kostnaði vegna ferða og funda.

Þrátt fyrir miklar og ófyrirsjáanlegar afturvirkar launahækkanir á árinu var rekstrarkostnaður stofnunarinnar lægri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun eða 324,7 m.kr. Vegna óvissu í rekstrarmálum var gripið til ýmissa sparnaðaraðgerða, brýnum verkefnum var slegið á frest og ekki var ráðið í laus störf. Stærsti einstaki útgjalda-liðurinn var launakostnaður (67%) en því næst kom kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu (21%). Einkaleyfastofan er verulega háð utanaðkomandi þjónustu er varðar grunnþjónustu stofnunarinnar og má þar helst

nefna kostnað vegna rannsókna á einkaleyfisumsóknum hjá dönsku einkaleyfastofunni og kostnað vegna úttekta á faggildingum framkvæmda hjá SWEDAC. Þess má geta að undir aðkeypta þjónustu fellur einnig kostnaður vegna reksturs og viðhalds tölvukerfa og leyfisgjöld vegna hugbúnaðar, svo fátt eitt sé nefnt.

Sem fyrr segir tókst að halda rekstrinum innan ramma rekstraráætlunar. Hagnaður ársins nam 60,1 m.kr., sem er töluvert meira en áætlað var og skýrist af auknum mála fjöldi hjá stofnuninni.

Lög um faggildingum nr. 24/2006 kveða á um að rekstur faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar skuli fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi Einkaleyfastofunnar. Stofnuninni er hins vegar einungis úthlutað einu fjárlaganúmeri og er rekstur faggildingarsviðs því samofinn öðrum rekstri Einkaleyfastofunnar. Ríkisframlag vegna reksturs faggildingar hefur verið nauðsynlegt til að mæta kostnaði við rekstur sviðsins. Á árinu 2015 var ríkisframlagið 6 m.kr. Tekjur sviðsins voru 13,6 m.kr. en í áætlun var gert ráð fyrir 17,2 m.kr. Lægri tekjur skýrast af færri úttektum en gert var ráð fyrir. Rekstrarkostnaður faggildingarsviðs var 23,8 m.kr. og því nokkuð lægri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun en þar hafði verið áætlað að kostnaður við rekstur sviðsins næmi 27,2 m.kr. Þrátt fyrir aðhald í rekstri varð ríflega 4 m.kr. halli á rekstri sviðsins.

